

Reglur um Almanakssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Almanakssjóður og er stjórnað af háskólaráði.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

1. Gjöld vegna útgáfu almanaka og dagatala hvers konar.
2. Gjöld vegna innfluttra almanaka og dagatala.
3. Sektir fyrir brot á almanakslögum.
4. Arður af útgáfu almanaka ár hvert.
5. Vextir af innstæðu sjóðsins.
6. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

3. gr.

Sjóðnum má verja sem hér segir:

1. Til þess að greiða kostnað við útreikning á almanökum háskólans.
2. Til þess að kaupa tæki og áhöld, sem þarfleg eru fyrir útreikning almanakanna. Hlutir þessir verða eign háskólans, en þeir, sem reikna út almanökin, hafa forgangsrétt til að nota þá.
3. Til rannsókna á stjarnfræði og rímfræði, stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði, og til útgáfu vísindalegra rita í þessum fræðum.
4. Til fræðslu í stærðfræðilegum vísindum í háskólanum.
5. Til þess að styðja fræðimenn til að fullkomna þekkingu sína í stærðfræðilegum vísindum erlendis. Námsstyrk má og veita stúdentum, sem komnir eru vel á veg.

4. gr.

Háskólaráð úthlutar því fé, sem verja skal samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Reikning sjóðsins skal birta ár hvert í Stjórnartíðindum og Árbók háskólans. Reglur þessar staðfestast hér með að fengnum tillögum háskólaráðs, sbr. 11. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. desember 1973.

Magnus T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.